

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 4. nóv. 2014 á Kjóavöllum.

## 17. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdótti, Hermann Vilmundarson, Lárus Finnbogason, Hannes Hjartarson og Sigurður Halldórsson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður.
3. Framkvæmdastjóri gerði grein verkefnum sínum og stöðu þeirra.
4. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála. Mikilvægt að setja af stað aðgerðir til þess að auka tekjur félagsins til muna.
5. Auglýsingamál. Setja þarf kraft í sölu auglýsingaskilta inni í reiðhöllinni – stjórnarmenn skipti með sér verkum með að hafa samband við fyrirtæki og beini þeim síðan til framkvæmdastjóra til frágangs á auglýsingakaupum.
6. Formaður gerði grein fyrir stöðu mála vegna framhaldspings LH nk. laugardag 8. nóv.
7. Félagsfundur; Boðað hefur verið til almenns félagsfundar Hmf. Sprettis 12. nóv. nk. Fundurinn verður haldinn í veislusal reiðhallarinnar og hefst kl. 20:00. Á dagskrá verða verkefni stjórnar, stefnumótun og dagskrá vetrarins og félagsstarfið framundan.
8. Nefndarkvöld verður 14. nóv. nk. Brynja, Kristín og Maggi hafa sent upplýsingar á formenn nefnda. Ákveðið að bjóða öllum þeim sem starfað hafa í nefndum félagsins á sl. ári ásamt því að bjóða sjálfboðaliðum sem aðstoðað hafa við mótahald. Fyrirkomulagið verður eins og á síðasta ári.
9. Mönnun nefnda; Maggi gerði grein fyrir að flestar nefndir væru að verða fullmannaðar. Stjórnarmenn setja sig í samband við félagsmenn og hvetja til þátttöku í nefndarstarfi. Verður einnig tekið á dagskrá félagsfundar.
10. Íþróttamaður/kona ársins og efnilegustu knapar. Skila þarf inn tillögum frá Spretti til Garðabæjar og Kópavogsbæjar um næstu mánaðarmót.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir